

Þróunarsjóður innflytjendamála 2016-17

Rannsóknarverkefni

Heiti verkefnis: Áhrif nafns umsækjenda á mat á reynslu og hæfni umsækjenda

Nafn styrkþega: Margrét Sigrún Sigurðardóttir

Útdráttur: Rannsóknir endurspeglar að staða fólks af erlendum uppruna versnaði töluvert eftir efnahagshrunið 2008, þegar tækifæri til atvinnu minnkuðu töluvert og atvinnuleysi varð hærra en hjá þeim með íslenskan bakgrunn (Sigurðsson og Arnarson, 2011). Athuganir vinnamálaflokkunar endurspeglar að hærra atvinnuleysi innflytjenda er viðvarandi í íslensku samfélagi. Rannsóknir fyrir hrunið gáfu einnig til kynna lægri laun innflytjenda og fólks af erlendum uppruna sem og aðra mismunun á vinnumarkaði (Rauði Kross Íslands 2006; Guðbjört Guðjónsdóttir og Kristín Loftsdóttir 2009).

Rannsóknin skoðar hvort greina megi mismunun í ráðningaferli og viðhorfi til útlendinga á vinnumarkaði. Lögð er áhersla á uppruna, og skoðuð skörun uppruna við kyn og trúabrögð. Rannsóknir hafa sýnt vaxandi fordóma í garð múslima víða í Evrópu og einnig hefur fræðifólk lengi bent á að fordómar eru kynjaðir. Verkefnið er framhald af verkefni sem fékk styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála árið 2015. Sú rannsókn byggði á viðtölum við mannauðsstjóra í stjórum þjónustu fyrirtækjum og var framkvæmd með „að hugsa upphátt“ aðferðinni. Hafa fyrstu niðurstöður þegar verið birtar í Tímariti um stjórnmál og stjórnsýslu. Í þessu framhaldsverkefni var áhrif nafns á mat á starfsumsókn rannsökuð og fram kemur að fordómar eru til staðar gagnvart múslimum og þá sérstaklega múslímskum konum.